



Fundargerð

428. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þirðjudaginn 9. okt. 2018 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Árný Huld Haraldsdóttir varaoddviti (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir að taka fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 9. okt. sl. á dagskrá.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. **427. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 11. sept. 2018.**
Oddviti fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. **Stjórn Barmahlíðar 19. og 26. sept. 2018.**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðirnar. Þær samþykkt samhljóða.
3. **Skipulags-húsnæðis og hafnarnefndar 8. okt. 2018.**
Vegna 1. liðar samþykkir sveitarstjórn að skipa Jóhönnu Ösp Einaradóttur í starfshóp um verndarsvæði í byggð í Flatey í stað Áslaugar Guttormsdóttur sem er flutt er úr sveitarfélaginu. Stefnt að því að halda íbúafund með húseigendum í Flatey sem fyrst. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.
Venga 6. liðar samþykkir sveitarstjórn að gerð verði húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

1. **Prókúra sveitarstjóra:**
Sveitarstjórn leggur til að Tryggvi Harðason sveitarstjóri fari með prókúru fyrir hönd Reykhólahrepps og Félagsþjónustu Stranda- og Reykhólahrepps. Jafnframt verður prókúra oddvita feld úr gildi.
Samþykkt samhljóða.
2. **Viðauki verksamnings um ljósleiðara:**
Oddviti kynnti viðauka við verksamning við Verklok um lagningu ljósleiðara.
Viðaukinn samþykktur samhljóða.

Samþykkt að setja ljósleiðara með jarðstreng sem Orkubúi Vestfjarðar er að leggja vegna nýrrar heimtaugar að Djúpadal og einnig frá spennu að staur fyrir örbylgjusendingar.

3. Málefnaþing ferðabjónustu á Vestfjörðum:

Lagt fram erindi um málefnaþing ferðabjónustu á Vestfjörðum.
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

4. Vestfjarðarstofa - erindi

María Maack mætti til fundrins undir þessum lið. Fyrst ræddi hún uppsetningu hæghleðslustöð fyrir bíla á Reykhólum.
Því næst fór hún yfir stöðu jarðhitamála á Reykhólum. Sveitarstjóra falið í samvinnu við Maríu að vinna málið áfram.
Að lokum benti Maríu á möguleika á skógrækt í sveitarfélaginu sem hluta af aðgerðum í loftlagsmálum.

5. Mötneyti Reykhólaskóla

Lagt fram erindi frá matráðum Reykhólaskóla um endurbætur á eldhúsi skólans.
Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

6. Fundir og ráðstefnur:

Sveitarstjóri skýrði frá fundum og ráðstefnum framundan.
Ingimar Ingimarsson og Tryggvi Harðarson fór á landsfund Sambands ísl. sveitarfélaga.
Haustþing fjórðungssambands Vestfirðinga sóttu auk sveitarstjóra, Karl Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Árný Huld Haraldsdóttir.

Önnur mál (ef löglega upp borin):

1. Fundargerð Mennta og menningarmálanefndar frá 9.10.2018:

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.
Engar athugasemdir gerðar og hún samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl.17:30
